

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Helga S. Gunnlaugssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Helga S. Gunnlaugssonar og er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Helgi Sigurgeir var fæddur á Gilsá í Breiðdal 6. maí 1912 og lést í Reykjavík 4. október 1997 og ánaðnaði Þjóðminjasafni Íslands hluta eigna sinna. Stofnandi sjóðsins er Þjóðminjasafn Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja forvörslu- og öryggismál safngripa Þjóðminjasafns Íslands, sem og rannsóknir og úrvinnslu á póstsögulegu efni eða öðru efni innan safnsins að mati þjóðminjavarðar.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er dánargjöf Helga, sem nam við afhendingu 18. nóvember 1999 kr. 9.823.624 — níu milljónum og átta hundruð og tuttugu og þrjú þúsund og sex hundruð tuttugu og fjórum íslenskum krónum.

5. gr.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörður, deildarstjóri munadeildar og fjármálastjóri.

7. gr.

Þjóðminjavörður ákveður úthlutanir úr sjóðnum að tillögu stjórnar.

8. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir af stofnfé.
- b) Verðbætur af stofnfé.
- c) Fé, sem sérstaklega er gefið eða veitt til sjóðsins og samræmist tilgangi hans.
- d) Aðrar tekjur en þær sem að framan greinir.

9. gr.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast í íslenskum banka. Heimilt er að verja úr sjóðnum að jafnaði 75% af tekjum ársins skv. 8. grein a-, c- og d-lið. Ekki má skerða stofnfé nema sérstakar ástæður þyki til við meiri háttar úthlutanir. Þó má aldrei skerða kr. 525.000 af stofnfé að raungildi.

10. gr.

Veita má úr sjóðnum til sérstakra þarfa eða verkefna Þjóðminjasafns Íslands. Skal einkum veita fé til viðgerðar safngripa eða aðbúnaðar, sem og til rannsókna á efni safnsins. Að ósk gefanda stofngjafar skulu sérstaklega hafðar í huga póstsögulegar minjar.

11. gr.

Heimilt er að auka við sjóðinn með gjöfum eða á annan hátt, enda breytist tilgangur hans ekki.

12. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna.

13. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna óskiptar til Þjóðminjasafns Íslands.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. janúar 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Af hundum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr.	12.000
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	kr.	16.300
Bráðabirgðaleyfi	kr.	2.400

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr.	12.000
-------------	-----	--------

4. gr.

Greiðslur vegna hundahreinsunar og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.